



Alþingi  
Erindi nr. P 133/996  
komudagur 133/996/7

HÁSKÓLI ÍSLANDS LÍFFRÆÐISTOFNUN

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Selmu Hafliðadóttur,  
ritara umhverfisnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. febrúar 2007

Efni: Umsögn frá Líffræðistofnun Háskólans um frumvarp til laga um Vatnajökulshjóðgarð, 395. mál, og þingsályktunartillögu um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 65. mál

Ísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 6. febrúar 2006, til Líffræðistofnunar Háskóla Íslands.

Við þökkum bréf umhverfisnefndar alþingis til Líffræðistofnunar háskólans, mótt. 7. febrúar 2007, og boð um að gefa umsögn um þingsályktunartillögu um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 65. mál, og um frumvarp til laga um Vatnajökulshjóðgarð, 395. mál.

Við fögnum þeim vilja sem fram kemur í frumvarpinu og þingsályktunartillögunni og teljum hana sýna skilning og mikilsverða viðleitni til að vernda sérstæða og jafnvel einstæða náttúru Íslands.

Meðfylgjandi er umsögn okkar um bæði málin.

Virðingarfyllst

Sigurður S. Snorrason, prófessor  
Forstöðumaður Líffræðistofnunar

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor

## 1. Tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, þskj. 65

Við tökum að öllu leyti undir þessa tillögu og greinargerðina sem fylgir, þar sem fram kemur lýsing og mat á náttúruverndargildi Jökulsár á Fjöllum og aukið mikilvægi hennar sem lítt snortins vatnasviðs eftir að virkjanir hafa verið reistar í mörgum öðrum stóráám landsins. Við teljum fyrirhugaða friðlýsingu verðskuldaða, mikilvæga og tímabæra, enda taki hún til alls vatnasviðs árinna, Kreppu og Kverkár þar meðtaldra.

## 2. Frumvarp til laga um Vatnajökulshjóðgarð, þskj. 439

Meginathugasemdir okkar við þetta frumvarp snerta hina þröngu afmörkun þjóðgarðsins. Samkvæmt frumvarpinu er nær þjóðgarðurinn yfir jökulinn sjálfan en fram yfir það virðist handahófskennt hvaða jaðarsvæði til viðbótar eru felld undir hann.

Við teljum það þjóna takmörkuðum tilgangi að friða jökulinn einan og sér. Friðlýsing Vatnajökuls nær aðeins takmarki sínu ef hún nær einnig yfir næsta umhverfi jökulsins, allar helstu náttúruperlur í nálægð við hann og til að minnsta kosti sumra þeirra megináa sem frá jöklinum renna. Hafa verður í huga eitt að meginmarkmið með stofnun þjóðgarðs er að gera almenningi kleift að njóta náttúru og útivistar. Það eru fyrst og fremst jaðarsvæði Vatnajökuls sem hafa aðdráttarafli fyrir hinn almenna ferðalang, - lengri ferðalög um víðáttur jökulsins sjálfs eru hættulegar og krefjast sérstaks útbúnaðar og þjálfunar. Friðlýsing jökuljaðrana verður að taka mið af þeirri landslagsheild sem þeir eru hluti af. Verulega vantar upp á að þessum markmiðum sé náð eins og frumvarpið er lagt fram.

### Tengsl Vatnajökulshjóðgarðs og friðlýsts vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum

Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum tengist augljóslega stofnun Vatnajökulshjóðgarðs og sömu rök og talin eru upp að ofan eiga við afmörkun Jökulsár á Fjöllum sem hluta Vatnajökulshjóðgarðs. Við ítrekum að við teljum nauðsynlegt að friðlýsing nái til allra upptakakvísla Jökulsár á Fjöllum og til alls vatnasviðs árinna í óbyggðum.

Við teljum einnig nauðsynlegt að fyrirhugaður Vatnajökulshjóðgarður nái yfir fleiri jaðar- og grannsvæði jökulsins en frumvarpið gerir ráð fyrir og þá sérstaklega til eftirfarandi:

### Langisjór og upptakakvíslar Skaftár.

Langisjór er stórt blátært fjallavatn í stórkostlegri umgjörð. Öðru stóru blátæru vatni, Þórisvatni, hefur þegar verið raskað, og því breytt í miðlunarlón með jökulvatni. Landslag umhverfis Langasjó kann að vera einstakt á heimsvísu. Sennilega er hvergi annars staðar hægt að sjá ummerki jarðskorpuhreyfinga og eldvirkni á svo stórbrotinn hátt þar sem margar þráðbeinar raðir langra móbergshryggja liggja samsíða með einstöku samspili forma, lita og vatns. Þetta land ætti skilyrðislaust að friða.

### Kverkfjöll, Krepputunga, Kreppa og Kverká

Um þetta svæði er helsta aðkoma ferðafólks að norðurjaðri Vatnajökuls og jarðhitasvæðinu í Kverkfjöllum. Svæðið liggur hátt og er hrjóstrugt en hefur upp á að bjóða fjölbreyttar gosmyndanir og einstakt samspill íss og elds. Þetta land ætti einnig skilyrðislaust að vera innan þjóðgarðsmarkanna og þess vegna er óskiljanlegt hvernig mörk þjóðgarðsins eru dregin þarna, þ.e. um miðjan farveg Jökulsár á Fjöllum. Ef það er gert vegna hugsanlegra veituaforma, e.t.v. tengdum Kárahnjúkavirkjun, ætti slíkt skýlaust að koma fram í frumvarpinu. Hugsanlega myndi veita Kverkár úr farvegi Jökulsár draga verulega úr

vatnsmagni í Dettifossi að sumarlagi og skerða mjög náttúruverndargildi merkustu fossaraðar á Íslandi og þar með rýra gildi eins helsta þjóðgarðs landsins.

Austurbakki Jökulsár er allur markaður af hamfarahlaupum og er mjög merkilegur í jarðsögulegu tilliti. Hann ætti allur að vera innan þjóðgarðsmarka.

### **Skeiðarársandur**

Skeiðarársandur er eitt af 75 svæðum sem stefnt er að því að friðlýsa samkvæmt Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og eitt af 14 forgangssvæðum umhverfisráðherra (sbr. *Tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun, samþykkt 28. maí 2004*). Því vaknar sú spurning hvers vegna ekki sé gert ráð fyrir Skeiðarársandi innan þjóðgarðsmarkanna.

### **Hálandið ofan Fljótshverfis, frá Hverfisfljóti, um vatnasvið Djúpár og Núpsvatna, austur að Grænalóni**

Hér er um að ræða hálandið milli Síðujökuls og Skeiðarárjökuls. Eins og mörkin eru dregin í frumvarpinu, myndast þarna geil eða vik inn í þjóðgarðinn. Þetta land hefur verið fáfarið en á undanförunum áratug hafa skipulagðar gönguferðir um það notið vaxandi vinsælda. Þetta land er mjög fjölbreytt og hafa kunnugir haft á orði að það sé afbragðs gönguland. Við teljum að þetta land ætti einnig að fella inn í þjóðgarðinn.

### **Athugasemdir við einstakar greinar**

#### **13. gr. Réttaráhrif verndaráætlunar**

Þar teljum við nauðsynlegt að bæta við orðinu *vatnafari* í 5. línu 2. málsgreinar, sem yrði þá: *Við veitingu slíks leyfis eða í verndaráætlun er heimilt að setja skilyrði um hvernig framkvæmdum skuli hátað og um eftirlit með þeim til að tryggja að framkvæmdin raski ekki að óþörfu lífríki, jarðmyndunum, vatnafari eða landslagi í Vatnajökulsþjóðgarði.*

#### **Ákvæði til bráðabirgða**

Við bendum á ósamræmi í því hvenær stjórn og svæðisráð skuli vera skipað. Í 1. gr. ákvæðis til bráðabirgða (bls. 8) segir að það skuli vera fyrir 1. júní 2007 en í skýringartexta frumvarpsins (24. gr., bls. 21) stendur að það skuli gert fyrir 1. júlí 2007.

#### **Fjöldi og dreifing landvörslustaða**

Í 6 gr. Athugasemda við lagafrumvarpið á bls. 14 eru taldir upp 11 landvörslustaðir. Fimm þeirra eru á Norðurlandi, þar af einn (Vesturdalur) sem nú er innan Þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum. Hinir fjórir eru Askja/Dreki, Herðubreiðarlindir, Kverkfjöll/Hvannalindir og Snæfell. Einn landsvörslustaður er á Austurlandi (Lónsöræfi) og tveir vestan Vatnajökuls (Nýidalur/Vonarskarð og Hrauneyjar). Á Suðurlandi eru á hinn bóginn aðeins taldir upp 2 staðir, Heinabergssvæðið og Lakagígasvæðið. Skaftafells er hvergi getið. Það skýtur skökku við hve landsvarsla er verr mönnum sunnan jökulsins en norðan. Þó er gífurleg umferð ferðamanna við rætur Vatnajökuls að sunnanverðu og það er fyrst og fremst þaðan sem ferðamenn sækja upp á jökulinn.